



Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 27. apríl 2026

MSS25110132

UMSÖGN

Umsögn skóla- og frístundasviðs vegna tillögu fulltrúa Framsóknarflokksins um skólaakstur barna í Kvennaathvarfi

Á fundi velferðarráðs, 15. apríl 2026, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Framsóknarflokksins sem vísað var til meðferðar velferðarráðs frá mannréttindaráði:

Framsókn leggur til að mannréttindaráð samþykki að óska eftir því við velferðarráð að Reykjavíkurborg greiði fyrir skólaakstur reykvískra barna sem dvelja í Kvennaathvarfinu fjarri heimili sínu. Gert er ráð fyrir að útfærslan sé á höndum velferðarsviðs í samvinnu við Kvennaathvarfið. Í Kvennaathvarfinu dvelja mörg börn á hverjum tíma með mæðrum sínum, en athvarfið er oft staðsett langt frá heimaskólum barnanna. Ekki hafa allar mæður aðgang að bíl eða tók á að koma börnum sínum í skóla.

Tillöginni var vísað til umsagnar skóla- og frístundasviðs.

Umsögn skóla- og frístundasviðs:

Um skipulagðan skólaakstur gilda reglur frá 1. nóvember 2021, [reglur um strætókort til nemenda í grunnskólum Reykjavíkur](#)

Tillagan virðist ekki fela í sér skólaakstur sem fellur undir núverandi reglur skóla- og frístundasviðs um skólaakstur.

Skóla- og frístundasvið tekur ekki afstöðu til þess hvort Reykjavíkurborg styrki Kvennaathvarfið beint eða óbeint til að kosta akstur í skóla.

Virðingarfyllt,

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Reykjavík